

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Stuðningsþjónusta geðfatlaðra.

Stuðningsþjónusta geðfatlaðra var stofnuð 4. janúar 1996 af nokkrum áhugasömum einstaklingum um þjónustu við geðfatlaða. Stofnendur voru:

Þórður Gunnar Valdimarsson

Gyrit Hagman

Friðfinnur Örn Hagalín

Guðbrandur Gíslason

Kristófer Þorleifsson

Sigurjón Stefánsson

Sigrún Bára Friðfinnsdóttir

Ásgeir Höskuldsson

Ingi Rúnar Eðvarðsson

Ómar H. Kristmundsson

Vilhjálmur Árnason

Garðar Sigursteinsson

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Stuðningsþjónusta geðfatlaðra. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur stuðningsþjónustunnar er að styðja geðfatlað fólk og gera því kleift að lifa eðlilegu lífi og ná fótfestu í samfélaginu.

3. gr.

Að tilgangi sjálfseignarstofnunarinnar skal unnið m.a. með starfrækslu sérhæfðrar stuðningsþjónustu og rekstri verndaðra heimila í samræmi við gildandi lög um málefni fatlaðra.

4. gr.

Stofnfé stuðningsþjónustunnar er kr. 500.000, sem aldrei má skerða. Stofnfé skal ávaxta með þeim hætti sem stjórn stofnunarinnar metur tryggilegast hverju sinni. Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru vaxtatekjur, rekstrartekjur, frjáls framlög og tekjur samkvæmt sérstökum þjónustusamningum. Tekjum stofnunarinnar skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 2. og 3. gr. þessarar skipulagsskrár.

5. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar er skipuð 5 mönnum til fjögurra ára í senn. Tveir eru tilnefndir af hópi stofnenda, einn er tilnefndur af starfsmönnum stuðningsþjónustunnar og tveir án tilnefningar, valdir af stjórn. Núverandi stjórn skipa:

Jón Sæmundur Sigurjónsson

Jónas Pálsson

Kristófer Þorleifsson

Sigrún Bára Friðfinnsdóttir

Þórður Gunnar Valdimarsson

Stjórn skiptir með sér verkum. Stjórn ræður framkvæmdastjóra úr sínum hópi, sem hefur þrókúru og annast daglega stjórn stuðningsþjónustunnar.

6. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda og staðfestir af stjórn og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní næsta ár.

7. gr.

Meirihluti stjórnar getur samþykkt breytingar á skipulagsskrá þessari og lagt stofnunina niður. Ef sjálfseignarstofnunin er lögð niður skal stofnframlagið og aðrar eignir renna til styrktar sambærilegri starfsemi skv. ákvörðun stjórnar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. febrúar 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hveragerði 1996.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Hveragerði sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 293/1988 um hundahald í umdæmi Hveragerðisbæjar, skal vera kr. 7.900 á árinu 1996. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 1. júní 1996.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 4. og 6. gr. samþykktar nr. 293/1988 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 7. mars 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.